

Endanlegir skilmálar

FOS 27 0309

skuldaskjala útgefina af Fossum fjárfestingarbanka hf. í samræmi við 15.000.000.000 kr.
útgáfuramma víxla og skuldabréfa

Gengi við sölu verðbréfanna: 95,57894

Útgáfudagur: 9. september 2026

1. útgáfa flokks

(„verðbréfin“, „skuldaskjölin“, eða „víxlarnir“)

Þessir endanlegu skilmálar hafa verið gerðir í samræmi við 8. grein reglugerðar (ESB) 2017/1129 um lýsingu sem birta skal þegar verðbréf eru boðin út í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði og verður að lesa þá í samhengi við grunnlýsingu útgefanda dagsetta 28. apríl 2026 og þá viðauka sem gerðir geta verið við grunnlýsinguna ásamt þeim skjölum sem felld eru inn í grunnlýsinguna eða viðaukana með tilvísun (einnig „grunnlýsingin“). Grunnlýsingin er birt í tengslum við 15.000.000.000 kr. útgáfuramma Fossa fjárfestingarbanka hf.

Grunnlýsinguna og alla hugsanlega viðauka sem kunna að vera gerðir við hana er að finna á vefsíðu útgefanda, <https://fossar.is/fjarfestar/>. Eingöngu er hægt að fá allar nauðsynlegar upplýsingar um útgefanda og skuldaskjölin með því að lesa saman grunnlýsinguna, alla hugsanlega viðauka sem kunna að vera gerðir við grunnlýsinguna og þessa endanlegu skilmála. Þegar vísað er til „greinar“ í endanlegum skilmálum þessum er átt við viðkomandi grein í kafla 3 í grunnlýsingu útgefanda dagsettri 28. apríl 2026.

Hluti I: Skilmálar skuldaskjalanna

1 Útgefandi

Grein 1 gildir um skuldaskjölin.

2 Nafnverðseiningar, heildarheimild, gjaldmiðill og fleira

Grein 2.1 gildir um skuldaskjölin.

Útgáfugjaldmiðill skuldaskjalanna: ISK

Nafnverð útgáfu: 1.260.000.000 kr.

Nafnverðseiningar: 20.000.000 kr.

Áður útgefin verðbréf í flokki: Ekki hafa áður verið gefin út verðbréf í sama flokki.

Heildarheimild flokks: Opinn flokkur. Útgefanda er því heimilt að stækka flokkinn upp að fyrrgreindu marki án þess að leita samþykkis frá eigendum verðbréfanna, en útgáfa nýrra verðbréfa er ávallt háð heimild frá stjórn útgefanda á hverjum tíma.

Grein 2.2 gildir um víxlana.

3 Útgáfuform

Grein 3 gildir um skuldaskjölin.

Verðbréfamiðstöð: Nasdaq CSD SE, útibú á Íslandi, kt. 510119-09370, Laugavegi 182, 105 Reykjavík, Íslandi, sem hlotið hefur starfsleyfi skv. lögum nr. 7/2020 um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og eignarskráningu fjármálagerninga („verðbréfamiðstöð“).

4 Upplýsingar um eigendur skuldaskjalanna

Grein 4 gildir um skuldaskjölin.

5 Greiðsluform

Grein 5 gildir um skuldaskjölin.

6 Verðtrygging

Engin verðtrygging:

Skuldaskjölin eru óverðtryggð.

7 Vextir

Form vaxta: Víxlarnir eru vaxtalausir og gildir grein 7.1 um víxlana.

Dagregla: ACT/360. Grein 7.4 gildir um skuldaskjölin.

Grein 7.5. gildir um skuldaskjölin.

8 Endurgreiðsla höfuðstóls

Endurgreiðsla höfuðstóls: Höfuðstóll verður endurgreiddur í einu lagi þann 9. mars 2027. Grein 8.1 gildir um víxlana.

9 Kröfur jafnréttháar (e. pari passu)

Grein 9 gildir um víxlana.

10 Staða í kröfuröð

Grein 10 gildir um víxlana.

11 Löggjöf um útgáfuna

Grein 11.2 gildir um víxlana.

12 Yfirlýsingar

Eftirfarandi staflíðir greinar 12 gilda um víxlana: A, B, C, D, E, F.

13 Upplýsingakvaðir

Grein 13 gildir ekki um víxlana.

14 Almennar kvaðir

Grein 14 gildir ekki um víxlana.

15 Fjárhagsleg skilyrði

Grein 15 gildir ekki um víxlana.

16 Vanefndartilvik

Grein 16.1 gildir um víxlana.

Grein 16.3 gildir um víxlana.

17 Umboðsmaður kröfuhafa og staðfestingaraðili fjárhagslegra skilyrða

Grein 17.1 gildir um víxlana.

LOGOS slf., 460100-2320, Efstaleiti 5, 103 Reykjavík hefur verið skipaður óháður umboðsmaður kröfuhafa með undirritun þjónustusamnings, dagsettur þann 27. febrúar 2026.

Grein 17.2 gildir ekki um víxlana.

18 Önnur ákvæði

Heimild til kaupa eigin skuldabréfa/víxla: Grein 18.1 gildir um víxlana

Upplýsingaöflun: Grein 18.2 gildir um víxlana.

Hlunnindi: Grein 18.3 gildir um víxlana.

Framsal: Grein 18.4 gildir um víxlana.

Skattaleg meðferð: Grein 18.5 gildir um víxlana.

Ágreiningsmál: Grein 18.6 gildir um víxlana.

19 Skilmálabreyting og ákvarðanataka

Grein 19 gildir ekki um víxlana.

20 Tryggingar og ábyrgðir

Grein 20 gildir um víxlana.

21 Takmarkanir við veitingu tryggingarréttinda

Grein 21 gildir ekki um víxlana.

22 Innlausnarheimild að vali eigenda skuldaskjalanna

Grein 22 gildir ekki um víxlana.

23 Sérstakar yfirlýsingar

Grein 23 gildir um víxlana.

24 Eigin bréf

Grein 24 gildir um víxlana.

Hluti II: Aðrar upplýsingar

1.	Skráning og taka til viðskipta	
	Skráning og taka til viðskipta:	Óskað verður eftir því að öll útgefin skuldaskjöl í flokknum IS0000039642 verði tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland. Ekki er hægt að ábyrgjast að umsóknin verði samþykkt. Útgefandi mun óska eftir töku til viðskipta.
	Fyrsti mögulegi viðskiptadagur:	9. september 2026
	Upplýsingar um aðila sem hafa gert bindandi samkomulag um að starfa sem milliliðir á eftirmaarkaði og búa til seljanleika með kaup- og sölutilboðum (viðskiptavakar) ásamt lýsingu á helstu skilmálum samkomulagsins:	Á ekki við.
	Ráðgjafar í tengslum við útgáfu:	Á ekki við.
2.	Hugsanlegir hagsmunaárekstrar í tengslum við útgáfuna/útboðið	
	Upplýsingar um hagsmuni sem tengjast útgáfunni, þ.m.t. hugsanlega hagsmunaárekstra:	Að undanskildum kostnaði greiddum til Markaðsviðskipta Fossa fjárfestingarbanka er útgefanda ekki kunnugt um neina hagsmuni sem skipta máli í tengslum við útgáfu og sölu víxlaflokksins.
3.	Ástæður fyrir útboðinu, áætlaður heildarkostnaður og áætlað nettósöluandvirði útboðsins	
	Ástæða fyrir útboðinu:	Fjármögnun á starfsemi útgefanda.
	Áætlaður heildarkostnaður:	1,5 m.kr.
	Áætlað nettósöluandvirði:	1.203 m.kr.
4.	Ávöxtunarkrafa	
	Upplýsingar um ávöxtunarkröfu:	9,41%
5.	Upplýsingar um undirliggjandi þætti eftir því sem við á	
	Lýsing á undirliggjandi viðmiðunarvöxtum:	Á ekki við.
	Lýsing á verðtryggingavísitölu:	Á ekki við.
6.	Lánshæfiseinkunn	
	Ef við á skal tilgreina lánshæfiseinkunn og veita stutta skýringu á merkingu lánshæfiseinkunnar:	Á ekki við.
7.	Heimild til útgáfu	
	Stjórn útgefanda hefur samþykkt útgáfuramma þann sem lýst er í grunnlýsingu útgefanda dagsettri 28. apríl 2026. Skuldaskjölín sem þessir endanlegu skilmálar taka til voru gefin út skv. heimild stjórnar þann 18. desember 2025 og felld undir útgáfuramman við stofnun hans.	

	Verðbréfin hafa öll verið seld og eru að fullu greidd.	
8.	Auðkenni	
	ISIN númer:	IS0000039642
	Auðkenni:	FOS 27 0309
	CFI númer útgáfu:	DYZUXR
	FISN númer útgáfu:	FOSSAR FJARFEST/0.00 MMKT 20270309
9.	Upplýsingar frá þriðja aðila	
	Ef upplýsingum í endanlegum skilmálum þessum hefur verið aflað frá þriðja aðila staðfestir útgefandi, að svo miklu leyti sem honum er kunnugt um og honum er unnt, út frá þeim upplýsingum sem þriðji aðilinn hefur birt, að upplýsingarnar eru réttar og engum staðreyndum er sleppt sem geri upplýsingarnar ónákvæmar eða misvísandi. Heimilda frá þriðja aðila er getið þar sem það á við.	Á ekki við.
10.	Tilkynning um viðkomandi grunnlýsingu	
	Land eða lönd þar sem tilkynnt hefur verið um viðkomandi grunnlýsingu	Á ekki við.

Fossar fjárfestingarbanki hf.

7. september 2026

Brynjar Þór Hreinsson, forstjóri

Undirritað rafrænt